

## Dómsorð:

Stefndi, Félag ísl. iðnrekenda vegna Áburðarverk-  
smiðjunnar h.f., á að vera sýkn af kröfum stefnanda,  
Alþýðusambands Íslands f. h. Verkamannafélagsins  
Dagsbrúnar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 9. desember 1954.

Nr. 5/1954.

**Iðja, félag verksmiðjufólks**

(Ragnar Ólafsson hrl.)

gegn

**Félagi ísl. iðnrekenda** (Páll S. Pálsson hdl.).

**Varadómari Benedikt Sigurjóns-  
son í stað Ísleifs Árnasonar.**

Skýrð ákvæði kjarasamnings um vísitöluálag á ákvæðis-  
vinnukaup.

**Dómur.**

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu dags. 4. nóv.  
þ. á. af Iðju, félagi verksmiðjufólks gegn Félagi ísl. iðnrek-  
enda. Eru dómkröfur stefnanda þær, að dæmt verði, að  
skilja beri síðustu málgrein 12. gr. kjarasamnings þess, sem  
í gildi var milli málsaðilja frá 31. maí þ. á. til 1. þ. m. svo,  
að launþega beri að fá fulla vísitölugreiðslu á ákvæðisvinnu-  
laun kvenna og unglínga á allt að kr. 1440.00 í grunnlauna-  
greiðslu á mánuði, þó launþeginn hafi ekki unnið fullan  
vinnustundafjölda í mánuðinum. Þá krefst stefnandi og  
málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostna-  
aðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Samkvæmt ákvæðum framangreinds kjarasamnings milli  
aðilja máls þessa virðist byggt á því sem meginreglu, að  
kaupgreiðslur miðist við starfstíma — mánaðar- eða viku-

kaup — skv. 5. gr. samningsins og tiltekinn vinnutíma, 2. gr., og má samkvæmt 15. gr. draga af kaupum verkafólks að tiltölu við kaup þess fyrir hverja vanræktu vinnustund og 50% að auki. Samkvæmt 8. gr. samningsins skal allt kaup og greiðslur fyrir ákvæðisvinnu bætt upp samkvæmt dýrtíðarvísitölu kauplagsnefndar samkvæmt nánari reglum, sem raktar eru í grein þessari. En auk þessa fyrirkomulags er einnig gert ráð fyrir því, að kaupgreiðslur fari eftir afköstum, þ. e. að unnið sé í ákvæðisvinnu, og eru ákvæði um það í 12. gr. samningsins, sem hljóðar svo:

„Ákvæðisvinna er því aðeins heimil, að aðilar samnings þessa hafi samþykkt taxa þá, sem ákvæðisvinna skal unnin eftir.

Vinnuveitendur mega þó gera tilraunir með ákvæðisvinnu í allt að 6 mánuði áður en ákvæðisvinnutaxtinn er lagður fyrir félögin til samþykktar. Þegar slíkar tilraunir eru gerðar, ber vinnuveitanda að greiða ákvæðisvinnufólki eigi minna en mánaðarkaupsfólk hefur samkvæmt samningi þessum.

1. Fyrir ákvæðisvinnu, sem varir einn mánuð eða lengur, skal greiða sömu uppbót og greidd er á samsvarandi mánaðarkaup í viðkomandi starfsgrein.

2. Fyrir ákvæðisvinnu, sem varir eina viku og allt að mánuði, skal greiða sömu uppbót og greidd er á samsvarandi vikukaup í viðkomandi starfsgrein.

3. Fyrir ákvæðisvinnu, sem varir skemur en eina viku, skal greiða sömu uppbót og greidd er á samsvarandi tíma-kaup í viðkomandi starfsgrein.

4. Fyrir ákvæðisvinnu í starfsgrein, sem ekki hefur samning um mánaðar- eða vikukaup, skal greidd sama uppbót og greidd er á samsvarandi tímakaup í starfsgreininni.

5. Í starfsgrein þar sem kaup fer hækkandi eftir starfsaldri, skal miðað við það kaup, sem greitt er í hæsta aldursflokki.

Við ákvæðisvinnu kvenna og unglinga skal full vísitölu-álagning greidd á grunnlaun allt að kr. 1440.00, en það sem umfram er samkvæmt vísitölunni 123 stig.“

Nú hefur risið ágreiningur um það milli samningsaðilja, hvernig skilja beri þetta niðurlagsákvæði 12. gr. varðandi

greiðslur verðlagsuppbótarinnar. Heldur stefnandi því fram, að verðlagsuppbótin til kvenna og unglinga lækki þá fyrst í 123 stig er launþeginn hefur unnið fyrir kr. 1440.00, án tillits til þess hversu langan eða skamman tíma, þ. e. hve margar stundir hann hefur sótt vinnuna á mánuði hverjum.

Stefndi telur hins vegar, að vinni launþeginn ekki fullan vinnustundafjölda vegna fjarveru, þ. e. vanræktra vinnustunda, sé vinnuveitanda aðeins skylt að greiða hámarks-vísitölu af fjárhæð, sem út komi þegar miðað sé við hlutfallið milli raunverulegra vinnustunda og vinnuskyldra stunda samkvæmt ákvæðum 2. gr., sbr. 7. gr. kjarasamningsins, þannig, að grunnkaupsfjárhæð sú, sem full verðlagsuppbót er greidd á, skuli lækka að tiltölu fyrir hverja vanrækta vinnustund.

Svo sem áður er rakið, er ákvæðisvinna því aðeins heimil, að samningsaðiljar hafi samþykkt taxa þá, sem ákvæðisvinna skal unnin eftir, en þó mega vinnuveitendur gera tilraunir með ákvæðisvinnu í allt að 6 mánuði. Eru aðiljar á einu máli um það, að engir ákvæðisvinnutaxtar hafi enn verið samþykktir og að ákvæðisvinna sú, sem unnin var á samningstímabilinu fari fram í skjóli tilraunaákvæðis 2. mgr. 12. gr. Nú er því svo háttað, að kjarasamningurinn geymir engin sérstök ákvæði um þær starfsreglur, sem gilda skuli, er ákvæðisvinna er upp tekin. Hins vegar er svo um samið, að á tilraunaskiði því, er 2. mgr. 12. gr. gerir ráð fyrir, megi kaupíð eigi vera minna en mánaðarkaup samkvæmt samningnum, og er skylt samkvæmt 1.—5. lið 12. gr. að greiða sömu uppbót á ákvæðisvinnu og greiða ber á samsvarandi mánaðar- eða vikukaup. Loks kemur svo framangreint niðurlagsákvæði 12. gr. um að greiða beri fulla vísitöluuppbót á 1440 kr. grunnlaun kvenna og unglinga, en það, sem umfram er, samkvæmt vísitölu 123 stig.

Það er upp komið í málinu, að um ákvæðisvinnu muni gilda nokkuð mismunandi reglur hjá iðnfyrirtækjum þeim, sem háð eru ákvæðum kjarasamnings þess, er um ræðir í málinu, og jafnvel virðist svo sem breytilegar reglur hafi

gilt um nefnda vinnu hjá einu og sama iðnfyrirtækinu. Er slíkt reyndar ekki óeðlilegt meðan tilhögun ákvæðisvinnunnar er á tilraunaskeiði og fjárhagslegur grundvöllur hennar ekki að fullu fundinn.

Í máli þessu liggur það ekki fyrir til úrlausnar, hvort skerða megi grunnlaun fyrir ákvæðisvinnu samkvæmt ákvæðum 15. gr. kjarasamningsins. Hins vegar verður samkvæmt gögnum málsins og málf lutningi að miða við það, að félagsmenn stefnda hafi ekki dregið neitt af ákvæðisvinnugrunnkaupi starfsfólks síns, þótt starfsmaður, sem vann í ákvæðisvinnu, leysti ekki af hendi eins margar stundir viku- eða mánaðarlega og samningurinn mælir fyrir um, að starfsmaður á viku- eða mánaðarkaupi skuli gera, til þess að hann þurfi ekki að hlíta frádrætti á kaupum samkvæmt 15. gr. samningsins. Af ákvæðum kjarasamningsins verður ekki ráðið, að aðrar reglur geti gilt um grundvöll verðlagsuppbótar á ákvæðisvinnu en ákvæðisvinnugrunnkaupið sjálft, og ber samkvæmt því að taka dómkröfur stefnanda til greina.

Rétt þykir, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 600.00.

#### Dómsorð:

Skylt er samkvæmt síðustu málsgrein 12. gr. framangreinds kjarasamnings að greiða fulla vísitöluuppbót á ákvæðisvinnulaun kvenna og unglínga allt að kr. 1440.00 grunnlaunagreiðslu á mánuði, án tillits til mánaðarlegs vinnustundafjölda launþegans.

Stefndi, Félag ísl. iðnrekenda, greiði stefnanda, Iðju, félagi verksmiðjufólks í Reykjavík, kr. 600.00 í málskostnað, að viðlagðri aðför að lögum.